

AUGLÝSING

um samning milli Evrópusambandsins og Íslands og Noregs um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins frá 29. maí 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum.

Hinn 16. september 2010 var aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins frá 29. maí 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og bókunar við hann frá 2001, sem gerður var í Brussel 19. desember 2003. Alþingi hafði hinn 16. mars 2007, með þingsályktun nr. 19/133, heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 2013.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

**MILLI EVRÓPUSAMBANDSINS OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG
KONUNGRÍKISINS NOREGS UM BEITINGU TILTEKINNA ÁKVÆÐA
SAMNINGSINS FRÁ 29. MAÍ 2000 UM GAGNKVÆMA RÉTTARAÐSTOÐ
Í SAKAMÁLUM MILLI AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS
OG BÓKUNAR VIÐ HANN FRÁ 2001**

EVROÞPUSAMBANDIÐ

annars vegar, og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR

hins vegar,

sem nefnast hér á eftir „samningsaðilar“,

HAFI HUG Á að bæta réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs, sbr. þó ákvæði um verndun einstaklingsfrelsis,

LÍTA SVO Á að núverandi tengsl samningsaðilanna geri það að verkum að nauðsynlegt sé að vinna náið saman að því að berjast gegn afbrotum,

BENDA Á þá sameiginlegu hagsmuni samningsaðila að tryggja að gagnkvæm réttaraðstoð milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs sé veitt fljótt og með skilvirkum hætti, sem samrýmist grundvallarreglum landslaga þeirra og í samræmi við rétt einstaklinga og meginreglur Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950,

LÁTA Í LJÓS gagnkvæma trú sína á skipulagi og starfsemi réttarkerfa sinna og getu allra samningsaðila til að tryggja sanngjörn réttarhöld,

HAFI EINSETT SÉR að láta samning milli Evrópusambandsins og Íslands og Noregs koma til viðbótar Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 og öðrum gildandi samningum á þessu sviði,

VIÐURKENNA að ákvæði þessara samninga gilda áfram í öllum málum sem ekki er fjallað um í samningi þessum,

HAFI HUGFAST að í þessum samningi, þ.m.t. í I. viðauka hans, eru settar reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum sem byggjast á meginreglum samningsins frá 20. apríl 1959,

HAFI Í HUGA að í 1. mgr. 2. gr. samningsins frá 29. maí 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og í 15. gr. bókunarinnar við hann frá 16. október 2001 eru tilgreind ákvæði sem fela í sér þróun Schengen-gerðanna og Ísland og Noregur hafa þar með samþykkt á grundvelli skuldbindinga sinna samkvæmt samningnum frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins, Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen- gerðanna,

HAFI Í HUGA að Ísland og Noregur hafa látið í ljós óskir um að gera samning sem gerir þeim kleift að beita einnig öðrum ákvæðum samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 og ákvæðum bókunarinnar frá 2001 í samskiptum sínum við aðildarríki Evrópusambandsins,

HAFI Í HUGA að Evrópusambandið lítur einnig svo á að nauðsynlegt sé að gera slíkan samning,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði þessa samnings skulu eftirfarandi ákvæði samningsins frá 29. maí 2000, sem ráð Evrópusambandsins gerði í samræmi við 34. gr. sáttmála Evrópusambandsins, um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, hér á eftir nefndur „samningur ESB um gagnkvæma réttaraðstoð“, gilda í samskiptum Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs og í gagnkvæmum samskiptum milli þessara ríkja hvors um sig og aðildarríkja Evrópusambandsins:
ákvæði 4., 8., 9., 10., 11., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21., 22., 25. og 26. gr., svo og ákvæði 1. og 24. gr. að því marki sem þær greinar varða hinar greinarnar.
2. Með fyrirvara um ákvæði þessa samnings skulu eftirfarandi ákvæði bókunarinnar frá 16. október 2001, sem ráð Evrópusambandsins gerði í samræmi við 34. gr. sáttmála Evrópusambandsins, um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd „bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð“, gilda í samskiptum Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs og í gagnkvæmum samskiptum milli þessara ríkja hvors um sig og aðildarríkja Evrópusambandsins:
ákvæði 1. (1. til 5. mgr.), 2., 3., 4., 5., 6., 7., 9., 11. og 12. gr.
3. Yfirlýsingar aðildarríkjanna skv. 9. gr. (6. mgr.), 10. gr. (9. mgr.), 14. gr. (4. mgr.), 18. gr. (7. mgr.) og 20. gr. (7. mgr.) samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð og 2. mgr. 9. gr. bókunar ESB um gagnkvæma réttaraðstoð skulu einnig gilda í samskiptum við Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg.

2. gr.

1. Til að ná því markmiði að ná eins samræmdri beitingu og túlkun og unnt er á ákvæðunum, sem um getur í 1. gr., skulu samningsaðilar fylgjast stöðugt með dómaframkvæmd Dómstóls Evrópu-bandalaganna og einnig dómaframkvæmd þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði. Í þessu skyni skal koma á sérstöku fyrirkomulagi til að tryggja reglubundna og gagnkvæma miðlun þessarar dómaframkvæmdar.
2. Íslandi og Noregi er heimilt að leggja greinargerðir eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn í málum sem dómstóll aðildarríkis hefur beint til dómstólsins með beiðni um forúrskurð varðandi túlkun á ákvæði sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Ef beiðni er hafnað er Noregi eða Íslandi heimilt að fara fram á það við aðildarríkið, sem beiðninni er beint til, að það greini Evrópsku réttaraðstoðinni (Eurojust) frá þeim vandamálum sem upp koma varðandi framkvæmd beiðninnar með það í huga að leita raunhæfrar lausnar.

4. gr.

Deiluaðila er heimilt að vísa sérhverjum ágreiningi, sem rís milli Íslands eða Noregs og aðildarríkis Evrópusambandsins varðandi túlkun eða beitingu samnings þessa eða einhverra þeirra ákvæða sem um getur í 1. gr. þessa samnings, til fundar fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs með það fyrir augum að leysa deiluna innan sex mánaða.

5. gr.

Samningsaðilar samþykkja að endurskoða þennan samning sameiginlega eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hans. Endurskoðunin skal einkum taka til framkvæmdar samningsins í reynd, túlkunar hans og þróunar og getur einnig varðað málefni á borð við afleiðingar frekari þróunar Evrópusambandsins fyrir efni þessa samnings.

6. gr.

1. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum þegar nauðsynlegri málsmeðferð er lokið um að þeir samþykki að vera bundnir af þessum samningi.
2. Ísland og Noregur geta gefið hverja þá yfirlýsingu sem kveðið er á um í 9. gr. (6. mgr.), 10. gr. (9. mgr.), 14. gr. (4. mgr.), 18. gr. (7. mgr.) og 20. gr. (7. mgr.) samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð og 2. mgr. 9. gr. bókunar ESB um gagnkvæma réttaraðstoð þegar þau afhenda tilkynningar sínar skv. 1. mgr. eða, sé gert ráð fyrir því, hvenær sem er eftir það.
3. Að því er viðeigandi ákvæðum samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð viðvíkur öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins staðfestir að öllum formkröfum, er varða samþykki af hálfu eða fyrir hönd aðila að þessum samningi hefur verið fullnægt, eða á þeim degi sem samningur ESB um gagnkvæma réttaraðstoð öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. 27. gr. þess samnings, ef það er síðar. Að því er viðeigandi ákvæðum samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð viðvíkur felur gildistaka þessa samnings í sér gagnkvæm réttindi og skyldur Íslands og Noregs og Íslands, Noregs og þeirra aðildarríkja ESB sem eru bundin af samningi ESB um gagnkvæma réttaraðstoð.
4. Að því er viðeigandi ákvæðum bókunar ESB um gagnkvæma réttaraðstoð viðvíkur öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins staðfestir að öllum formkröfum, er varða samþykki af hálfu eða fyrir hönd aðila að þessum samningi hefur verið fullnægt, eða á þeim degi sem bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. 13. gr. þess samnings, ef það er síðar. Að því er viðeigandi ákvæðum bókunar ESB um gagnkvæma réttaraðstoð viðvíkur felur gildistaka þessa samnings í sér gagnkvæm réttindi og skyldur Íslands og Noregs og Íslands, Noregs og þeirra aðildarríkja ESB sem eru bundin af bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð.
5. Síðar munu slík réttindi og skyldur taka gildi milli Noregs, Íslands og annarra aðildarríkja ESB þegar samningur ESB um gagnkvæma réttaraðstoð og/eða bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð öðlast gildi gagnvart öðrum aðildarríkjum ESB.
6. Þessi samningur gildir einungis um málsmeðferð við gagnkvæma réttaraðstoð sem hefst eftir að réttindi og skyldur samkvæmt honum hafa öðlast gildi á grundvelli 3. og 4. mgr.

7. gr.

Aðild nýrra aðildarríkja Evrópusambandsins að samningi ESB um gagnkvæma réttaraðstoð og/eða bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð felur í sér réttindi og skyldur samkvæmt þessum samningi milli þeirra og Íslands og Noregs.

8. gr.

1. Samningsaðilum er heimilt að segja samningi þessum upp. Segi annaðhvort Ísland eða Noregur samningi þessum upp gildir hann áfram milli Evrópusambandsins og þess ríkis sem hefur ekki sagt honum upp.
2. Uppsögn samnings þessa skv. 1. mgr. öðlast gildi sex mánuðum eftir að tilkynning um uppsögn er lögð fram. Hverri þeirri málsmeðferð, er varðar beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð, sem bíður úrlausnar á þeim degi, skal lokið í samræmi við ákvæði samnings þessa.
3. Samningur þessi fellur úr gildi ef samningnum frá 18. maí 1999 milli ráðs Evrópusambandsins, Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna er sagt upp.
4. Ef samningnum frá 18. maí 1999, sem um getur í 3. mgr., er sagt upp fellur samningur þessi úr gildi skv. 3. mgr. gagnvart þeim sama eða sömu aðilum og frá sama degi.

9. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samnings þessa.
2. Vörsluaðili skal birta opinberlega upplýsingar um hverja þá tilkynningu sem varðar samning þennan.

10. gr.

Samningur þessi skal gerður í einu eintaki á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, írsku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í Brussel nítjándi dag desembermánaðar árið tvö þúsund og þrjú.

Fyrir hönd
Evrópusambandsins

Fyrir hönd
Lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd
Konungsríkisins
Noregs

Umberto Vattani

Kjartan Jóhannsson

Bjorn T. Grydeland

I. VIÐAUKI

Beiting að því er Gíbraltar varðar.

Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands staðfestir, sem það aðildarríki sem annast málefni Gíbraltar, þ.m.t. utanríkismál þess, að þessi samningur muni öðlast gildi á yferráðs-
svæðinu þegar samningur ESB um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 og bókun frá 2001 verða látin taka til Gíbraltar sem byggist á því að samningur Evrópuráðsins um gagnkvæma aðstoð frá 1959 hafi einnig verið látinn taka til Gíbraltar. Breska konungsríkið mun, þegar þar að kemur, tilnefna viðeigandi lögbært yfirvald á Gíbraltar að því er þennan samning varðar. Formleg samskipti við þetta yfirvald skulu fara fram í samræmi við fyrirkomulag sem Breska konungsríkið og Konungsríkið Spánn hafa samþykkt varðandi yfirvöld á Gíbraltar í tengslum við gerninga ESB og EB og tengda sáttmála sem tilkynnt hafði verið um til aðildarríkjanna og stofnana Evrópusambandsins 19. apríl 2000.

II. VIÐAUKI

Yfirlýsing aðila að samningi milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og bókun við hann frá 2001.

Samningsaðilar eru sammála um að hafa með sér samráð, eftir því sem við á, ef Lýðveldið Ísland eða Konungsríkið Noregur eða eitthvert aðildarríkja Evrópusambandsins lítur svo á að tilefni hafi gefist til þess, þannig að þessi samningur sé nýttur á eins skilvirkan hátt og kostur er, einnig með það í huga að koma í veg fyrir að ágreiningur rísi um framkvæmd samningsins í reynd og túlkun hans. Samráði skal hagað eins og hentugast þykir og með hliðsjón af núverandi tilhögun samvinnunnar.

Yfirlýsing Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs.

Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur lýsa því yfir að þar til bær dómsmálayfirvöld þeirra muni, með hliðsjón af ákvæðum samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 þar sem dómsmálayfirvöld hafa samskipti milliliðalaust, óska, ef við á, eftir því að senda nauðsynlegar fyrirsurnir til tengiliða hjá Evrópuneti dómstóla (European Judicial Network) í því skyni að fá staðfest hvaða dómsmálayfirvald í aðildarríki Evrópusambandsins er til þess bært á því svæði að leggja fram og verða við beiðnum um gagnkvæma réttaraðstoð.

**AGREEMENT
BETWEEN THE EUROPEAN UNION
AND THE REPUBLIC OF ICELAND AND THE KINGDOM OF NORWAY
ON THE APPLICATION OF CERTAIN PROVISIONS
OF THE CONVENTION OF 29 MAY 2000
ON MUTUAL ASSISTANCE IN CRIMINAL MATTERS
BETWEEN THE MEMBER STATES OF THE EUROPEAN UNION
AND THE 2001 PROTOCOL THERETO**

THE EUROPEAN UNION,

on the one hand, and

THE REPUBLIC OF ICELAND

and

THE KINGDOM OF NORWAY,

on the other hand,

hereinafter referred to as “the Contracting Parties”,

WISHING to improve judicial cooperation in criminal matters between the Member States of the European Union and Iceland and Norway, without prejudice to the rules protecting individual freedom,

CONSIDERING that current relationships among the Contracting Parties require close cooperation in the fight against crime,

POINTING OUT the Contracting Parties’ common interest in ensuring that mutual assistance between the Member States of the European Union and Iceland and Norway is provided in a fast and efficient manner compatible with the basic principles of their national law, and in compliance with the individual rights and principles of the European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4 November 1950,

EXPRESSING their mutual confidence in the structure and functioning of their legal systems and in the ability of all Contracting Parties to guarantee a fair trial,

RESOLVED to supplement the European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters of 20 April 1959 and other Conventions in force in this area, by an Agreement between the European Union, Iceland and Norway,

RECOGNISING that the provisions of those Conventions remain applicable for all matters not covered by this Agreement,

RECALLING that this Agreement, including Annex I thereto, regulates mutual assistance in criminal matters, based on the principles of the Convention of 20 April 1959,

CONSIDERING that in Article 2 paragraph 1 of the Convention of 29 May 2000 on Mutual Assistance in Criminal Matters between the Member States of the European Union, and in Article 15 of the Protocol of 16 October 2001 thereto, the provisions have been identified which constitute a development of the Schengen acquis, and which therefore have been accepted by Iceland and Norway by virtue of their obligations under the Agreement of 18 May 1999 concluded by the Council of the European Union, the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the latter's association with the application, implementation and development of the provisions of the Schengen acquis,

CONSIDERING that Iceland and Norway have expressed their wish to enter into an agreement enabling them to apply also the other provisions of the 2000 Mutual Assistance Convention and of the 2001 Protocol in their relations with the Member States of the European Union,

CONSIDERING that the European Union also considers it necessary to have such an agreement in place,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

ARTICLE 1

1. Subject to the provisions of this Agreement, the content of the following provisions of the Convention of 29 May 2000, established by the Council of the European Union in accordance with Article 34 of the Treaty on European Union, on Mutual Assistance in Criminal Matters between the Member States of the European Union, hereinafter referred to as “the EU Mutual Assistance Convention”, shall be applicable in the relations between the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway and in the mutual relations between each of these States and the Member States of the European Union:
Articles 4, 8, 9, 10, 11, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 25 and 26, as well as Articles 1 and 24 to the extent that they are relevant for any of those other Articles.
2. Subject to the provisions of this Agreement, the content of the following provisions of the Protocol of 16 October 2001, established by the Council of the European Union in accordance with Article 34 of the Treaty on European Union, to the Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters between the Member States of the European Union, hereinafter referred to as “the EU Mutual Assistance Protocol”, shall be applicable in the relations between the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway and in the mutual relations between each of these States and the Member States of the European Union:
Articles 1 (paragraphs 1 to 5), 2, 3, 4, 5, 6, 7, 9, 11 and 12.
3. The declarations made by Member States under Articles 9(6), 10(9), 14(4), 18(7) and 20(7) of the EU Mutual Assistance Convention and Article 9(2) of the EU Mutual Assistance Protocol shall also be applicable in the relations with the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway.

ARTICLE 2

1. The Contracting Parties, in order to achieve the objective of arriving at as uniform an application and interpretation as possible of the provisions referred to in Article 1, shall keep under constant review the development of the case law of the Court of Justice of the European Communities, as well as the development of the case law of the competent courts of Iceland and Norway relating to such provisions. To this end a mechanism shall be set up to ensure regular mutual transmission of such case law.
2. Iceland and Norway shall be entitled to submit statements of case or written observations to the Court of Justice in cases where a question has been referred to it by a court or tribunal of a Member State for a preliminary ruling concerning the interpretation of any provisions referred to in Article 1.

ARTICLE 3

If a request is refused, Norway or Iceland may ask the requested Member State to report to Eurojust any problem encountered concerning the execution of the request, for a possible practical solution.

ARTICLE 4

Any dispute between either Iceland or Norway and a Member State of the European Union regarding the interpretation or the application of this Agreement or of any of the provisions referred to in Article 1 thereof may be referred by a Party to the dispute to a meeting of representatives of the governments of the Member States of the European Union and of Iceland and Norway, with a view to its settlement within six months.

ARTICLE 5

The Contracting Parties agree to carry out a common review of this Agreement no later than 5 years after its entry into force. The review shall in particular address the practical implementation, interpretation and development of the Agreement and may also include issues such as the consequences of further development of the European Union relating to the subject matter of this Agreement.

ARTICLE 6

1. The Contracting Parties shall notify each other of the completion of the procedures required to express their consent to be bound to this Agreement.
2. When giving their notification under paragraph 1 or, if so provided, at any time thereafter, Iceland and Norway may make any of the declarations foreseen in Articles 9(6), 10(9), 14(4), 18(7) and 20(7) of the EU Mutual Assistance Convention and Article 9(2) of the EU Mutual Assistance Protocol.
3. As far as the relevant provisions of the EU Mutual Assistance Convention are concerned, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the day on which the Secretary-General of the Council of the European Union establishes that all formal requirements concerning the expression of the consent by or on behalf of the Parties to this Agreement have been fulfilled, or on the date on which the EU Mutual Assistance Convention enters into force in accordance with Article 27(3) thereof, if such date is later. As far as the relevant provisions of the EU Mutual Assistance Convention are concerned, the entry into force of this Agreement creates rights and obligations between Iceland and Norway and between Iceland, Norway and those EU Member States in respect of which the EU Mutual Assistance Convention has entered into force.
4. As far as the relevant provisions of the EU Mutual Assistance Protocol are concerned, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the day on which the Secretary-General of the Council of the European Union establishes that all formal requirements concerning the expression of the consent by or on behalf of the Parties to this Agreement have been fulfilled, or on the date on which the EU Mutual Assistance Protocol enters into force in accordance with Article 13(3) thereof, if such date is later. As far as the relevant provisions of the EU Mutual Assistance Protocol are concerned, the entry into force of this Agreement creates rights and obligations between Iceland and Norway and between Iceland, Norway and those EU Member States in respect of which the EU Mutual Assistance Protocol has entered into force.
5. Subsequently, such rights and obligations shall come into being between Norway, Iceland and other EU Member States as from the dates on which the EU Mutual Assistance Convention and/or the EU Mutual Assistance Protocol enter into force for such other EU Member States.
6. This Agreement shall apply only to mutual assistance procedures initiated after the date on which it creates rights and obligations by virtue of paragraphs 3 and 4.

ARTICLE 7

Accession by new Member States of the European Union to the EU Mutual Assistance Convention and/or to the EU Mutual Assistance Protocol shall create rights and obligations under this Agreement between those new Member States and Iceland and Norway.

ARTICLE 8

1. This Agreement may be terminated by the Contracting Parties. In the event of termination by either Iceland or Norway, this Agreement shall remain in force between the European Union and the State for which it has not been terminated.
2. Termination of this Agreement pursuant to paragraph 1 shall take effect six months after the deposit of the notification of termination. Procedures for complying with requests for mutual legal assistance still pending at that date shall be completed in accordance with the provisions of this Agreement.

3. This Agreement shall be terminated in the event of termination of the Agreement of 18 May 1999 concluded by the Council of the European Union, the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the latter's association with the application, implementation and development of the Schengen acquis.
4. Termination of this Agreement pursuant to paragraph 3 shall take effect for the same Party or Parties and on the same date as the termination of the Agreement of 18 May 1999 referred to in paragraph 3.

ARTICLE 9

1. The Secretary-General of the Council of the European Union shall act as the depository of this Agreement.
2. The depository shall make public information on any notification made concerning this Agreement.

ARTICLE 10

This Agreement shall be drawn up in one single copy in the Danish, Dutch, English, Finnish, French, German, Greek, Icelandic, Irish, Italian, Norwegian, Portuguese, Spanish and Swedish languages, each text being equally authentic.

Done at Brussels, this nineteenth day of December, in the year two thousand and three.

For the European Union

For the Republic of Iceland

For the Kingdom of
Norway

Umberto Vattani

Kjartan Jóhannsson

Bjorn T. Grydeland

ANNEX I

APPLICATION TO GIBRALTAR

The United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, as Member State responsible for Gibraltar, including its external relations, confirms that this Agreement will take effect in the territory upon extension of the 2000 EU Mutual Assistance Convention and the 2001 Protocol to Gibraltar, which is contingent upon the 1959 Council of Europe Mutual Assistance Convention having been extended to Gibraltar. At that time, the United Kingdom will designate a relevant Gibraltar authority as competent for the purposes of the Agreement. Any formal communication with this authority will be conducted in accordance with the Agreed Arrangements between the United Kingdom and the Kingdom of Spain relating to Gibraltar authorities in the context of EU and EC instruments and related treaties, which were notified to the Member States and institutions of the European Union on 19 April 2000. A copy of these Arrangements shall be notified to the Republic of Iceland and Kingdom of Norway by the Secretary-General of the Council of the European Union.

ANNEX II

Declaration by the Contracting Parties to the Agreement between the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the application of certain provisions of the Convention of 29 May 2000 on Mutual Assistance in Criminal Matters between the Member States of the European Union and the 2001 Protocol thereto

The Contracting Parties agree to consult, as appropriate, when the Republic of Iceland or the Kingdom of Norway or one of the Member States of the European Union considers that there is occasion to do so, to enable the most effective use to be made of this Agreement, including with a

view to preventing any dispute regarding the practical implementation and interpretation of this Agreement. This consultation shall be organised in the most convenient way, taking into account the existing structures of cooperation.

Declaration by the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway

The Republic of Iceland and the Kingdom of Norway declare, in view of the provisions of the Convention of 29 May 2000 on Mutual Assistance in Criminal Matters enabling direct contact between judicial authorities, that their competent judicial authorities wish, where appropriate, to make requisite enquiries through the contact points of the European Judicial Network, in order to establish which judicial authority of a Member State of the European Union has the territorial competence for initiating and executing requests for mutual assistance.

C-deild – Útgáfudagur: 23. apríl 2024